

Eyja- og Miklaholtshreppur
Kristín Þorleifsdóttir
Hofsstöðum
311 Borgarnes

Reykjavík, 2. desember 2021
UST202111-200/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - endurnýjun tengivirkis – tillaga. Umsögn

Vísað er til erindis Eyja- og Miklaholtshrepps sem sent var 19. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu sem felst í endurnýjun núverandi tengivirkis við Vegamót. Aðalvalkostur Landsnets er að rífa núverandi tengivirki og byggja nýtt yfirbyggt tengivirki á skilgreindum byggingareit innan núverandi iðnaðarlóðar.

Stálgrindarskemmur hafa verið byggðar víða um land til að skýla tengivirkjum fyrir seltu, ísingu og öðru sem valdið geta truflunum á raforkuflutningi. Skemmurnar geta verið mjög áberandi þar sem þessi mannvirki eru oftast stakstæð og umfang þeirra og hæð nokkuð mikil. Umhverfisstofnun telur að hönnuðum sé mikill vandi á höndum að gera þessi mannvirki þannig úr garði að saman fari notagildi og útlit sem geti vonandi talist smekklegt því erfitt mun að gera þessi mannvirki þannig úr garði að þau teljist beinlínis falleg en þó ætti hönnun að stefna að því að þessi mannvirki verði til prýði.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnes Porkelsdóttir
Agnes Porkelsdóttir
Sérfræðingur